

## Viðauki 2.

Borist hafa eftirfarandi fyrirspurnir vegna útboðsins „Skólamálsverðir í grunnskólum Garðabæjar 2022-2025“. Svör eru skrifuð með rauðu skáletri undir hverri spurningu.

### Fyrirspurn 1

1.1 Er hægt að fá að vita hlutfall þeirra nemanda sem eru í mataráskrift í hverjum skóla fyrir sig?

*Svar: Í kafla 1.5 Umfang er að finna fjölda matarskammta sem voru framreiddir árið 2021. Í kafla 1.2.1 kemur fram fjöldi nemanda í hverjum skóla. Þannig er hægt að sjá hlutfall þeirra nemanda sem voru í mat á hverjum tíma. Í leikskólum eru allir nemendur í mat.*

1.2 Í útboðsgögnum segir að verkkaupi endurnýjar eldunartæki ef ástæða þykir að mati verkkaupa. Spurningin er. **Hvernig metur verkkaupi stærð og ástand eldunartækja í dag m.t.t. stærðar og ástands tækja?**

*Svar: Almennt metur verkkaupi ástand tækja gott, enda hefur þessi búnaður verið í fullri notkun en fara þarf yfir tækjabúnað einstakra eldhúsa með væntanlegum verktaka.*

1.3 Í kafla 0.3.8 segir að óskað sé eftir að fá vottun frá viðurkenndum aðilum varðandi innihaldslýsingar og næringarinnihalds hráefnis og tilbúnna aðfanga. Við notumst við viðurkenndan næringargrunn ( Dankost ) sem notaður er víða um heim. Okkar starfsfólk hefur hefur fengið mikla og góða þjálfun varðandi notkun á þessu kerfi bæði hér heima og í Danmörku. HER framkvæmir úttektir hjá okkur árlega og fer m.a. yfir merkingar og innihald matvæla m.t.t. reglugerða matvælaöggjafarinnar. Spurningin er. **Hverjir eru viðurkenndir aðilar að ykkar mati ? Er verið að óska eftir áliti óháðra aðila ( annarra en HER )?**

*Svar: Væntanlegur verktaki skal geta sýnt fram á innihaldslýsingu og næringargildi þannig að verkkaupi geti sannreynt þær. Útreikningar byggðir á næringargrunni Dankost teljast fullnægjandi.*

1.4 Í kafla 0.3.9. liður b segir að óskað er eftir gögnum sem sýni fram á að rekin sé virkt gæðakerfi hjá bjóðanda. SFG er með leyfi frá HER frá árinu 2017 til að starfrækja matvælavinnslu. Forsendan fyrir því að gefið er út svona leyfi er að fyrirtækið uppfylla allar þær skyldur sem matvælaöggjöfin og almenn starfsleyfisskilyrði kveða á um. Spurningin er. **Er ekki verið að biðja um í þessum lið að sýna þetta leyfi? Uppfyllir það ekki lið b ?**

*Svar: Gerð er krafa um að starfsemi fyrirtækisins uppfylli öll starfsleyfi sem og ef það er ekki þegar hluti af starfsleyfi að hann starfræki virt og vottað innra gæðaeftirlit með haccap.*

1.5 Er hægt að fá að vita hver rafmagnskostnaður er á hverjum stað fyrir sig?

*Svar: Verkkaupi mun taka á sig rafmagnskostnað í þessu verki og rukkar ekki verktaka fyrir rafmagnskostnaði.*

## Fyrirspurn 2

- 2.1 Fram kemur í lið 0.1.3 í útboðsýfirliti að samningstíminn sé 3 ár. Er heimilt að framlengja samning eftir þann tíma ?

*Svar: Einungis er gert ráð fyrir að samningstími sé 3.ár*

- 2.2 Í kafla 2.2 segir:“ Samningurinn gildir í þrjú ár og verður uppsegjanlegur í samræmi við ákvæði OIL.“ Í lögum um opinber innkaup segir í 91. gr. „Kaupanda er heimilt að segja opinberum samningi upp einhliða meðan á gildistíma hans stendur við eftirfarandi aðstæður: a. Ef veruleg breyting hefur verið gerð á samningi sem hefði átt að leiða til þess að hefja skyldi nýtt innkaupaferli, sbr. 90. gr. b. Ef fyrirtæki, sem upphaflega var valið, hefði átt að vera útilokað frá innkaupaferli, sbr. 1. og 2. mgr. 68. gr. c. Ef ekki hefði átt að gera samning við fyrirtæki í ljósi alvarlegs brots á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim.“

- Skv. þessu eru ekki gefna ástæður fyrir verktaka að segja upp samningi. Er verktaka heimilt að segja upp samningi á samningstíma ?

*Svar: Almennt er samningur óuppsegjanlegur af báðum aðilun. Undantekning er þetta ákvæði í lögum um opinber innkaup sem og í grein 2.7 vanefndir og uppsögn samnings.*

- 2.3 Í kafla 0.2.2 er fjallað um útboðsvef. Þar segir :“Öll samskipti við bjóðendur á útboðstíma varðandi útboð þetta fara fram í gegnum útboðsvefinn. Víki bjóðendur frá þessu eiga þeir á hættu að tilboði þeirra verði vísað frá.“

- Er mögulegt að sendur verði tölvupóstur á skráð netföng væntanlegra bjóðenda þegar nýjar upplýsingar bætast inn á útboðsvefinn ?

*Svar: Verkkaupi hefur og mun senda tölvupóst á þá aðila sem sótt hafa gögn verksins sem viðbótar þjónusta við bjóðendur, en bjóðandi er ávallt ábyrgður fyrir því að fylgjast með hvort breytingar hafa verið gerðar á gögnum á vef útboðsins.*

- 2.4 Í kafla 2.6 segir: „Samningsverð verðbætist 1. janúar ár hvert og helst óbreytt þess á milli. Grunnvísitala tilboðs er vísitala neysliverðs í mars 2022 útgefin af Hagstofu Íslands og er 528,8 stig.“

- Fari svo að verð matvæla t.d. skv. vísitölu matarverðs hækki verulega umfram vísitölu neysliverðs, geta samningsaðilar endurskoðað verð í samræmi við það t.d. um áramót ?

*Svar: Verkkaupi breytir grein 2.6 þannig að samningsverð verðbætist tvisvar á ári. Þannig hljómar grein 2.6 eftir breytingu:  
**Samningsverð verðbætist tvisvar á ári 1. janúar og 1.júlí ár hvert og helst óbreytt þess á milli. Grunnvísitala tilboðs er vísitala neysliverðs í mars 2022 útgefin af Hagstofu Íslands og er 528,8 stig.***

- 2.5 Fram kemur í kafla 1.2.1 að í mötuneytum þeirra skóla sem hafa unglिंगadeildir þurfi að bjóða upp á fleiri valkosti.

- Á hvaða tíma dags er gert ráð fyrir að þessar vörur standi unglिंगadeildum til boða?

*Svar: Í fyrri frímínútum og í hádegi. Reynsla okkar er að þetta er aðallega notað í hádeginu.*

- Geta skólastjórnendur viðkomandi skóla óskað eftir að ekki sé boðið upp á ákveðna valkosti eða aðra valkosti yfirhöfuð ef viðtökurnar eru dræmar, eða að þeir telji að svo muni verða?

*Svar: Þetta þarf að vera samtal milli aðila og taka tillit til m.a. matarsóunar.*

- Hvar er gert ráð fyrir að aðrar vörur eins og samlokur, mjólkurvörur og annað verði seldar í: Álftanesskóla, Sjálandsskóla og Urriðaholtsskóla?

*Svar: Já miðað er við að aðrar vörur eins og samlokur, mjólkurvörur verði seldar í þessum skólum, en á endanum ræður eftirspurn.*

- Er gert ráð fyrir að verkkaupi útvegi búnað fyrir aðrar söluvörur t.d. ísskáp söluborð eða annað?

*Svar: Já, ef það er ekki þegar til staðar.*

- Gott væri að fá nánari upplýsingar um hvernig verkkaupi sér framkvæmd á þessum þætti verkefnisins fyrir sér.

*Svar: Það er verktaka að sjá um þennan þátt en eftirspurn stjórnar framboði.*

- 2.6 Talað er um í kafla 1.3. að verkkaupi telji það kost að matur sé framleiddur á staðnum.
- Eru eldhús skólanna með starfsleyfi fyrir framleiðslu eða eru þau skráð sem móttökueldhús eða framreiðslueldhús ?

*Svar: Skólarnir eru allir með starfsleyfi fyrir mótuneyti og ekki er skilgreint sérstaklega hvort um sé að ræða framreiðslueldhús eða framleiðslueldhús. Hins vegar gilda ítarlegri reglur um búnað og meðferð matvæla í framleiðslueldhúsi.*

- 2.7 Talað er um í kafla 1.3. að ekki sé heimilt að koma með full eldaðan mat í hvert mótuneyti fyrir sig. Er þá átt við að ekki megi koma með hluta matarins, svo sem sósur, súpur eða grauta fülleldaða í hús úr framleiðslueldhúsi sem framleiðir matinn samdægurs?

*Svar: Ástæða þess að gerð er krafa um að ekki sé komið með fülleldaðan mat er að matur verður listugri og oft næringarríkari. Hér getur verktaki eflaust komið í einstaka tilfellum með þau rök að þetta eigi ekki við og verður það þá skoðað af verkkaupa.*

- 2.8 Í kafla 1.3 segir :„Verktaki sér um rafræna skráningu og vistun upplýsinga. Verktaki leggur til nettengda tölvu með tölulyklaborði og skjá vegna rafrænna upplýsinga við afgreiðslu á hádegismat.“

- Leggur verkkaupi til nettengingu fyrir tölvur í matsal ?

*Svar: Já.*

- Er skólastjórnendum heimilt að krefjast þess að sleppa skráningu rafrænna upplýsinga, t.d. til að flýta fyrir afgreiðslu í sérstökum tilfellum ?

*Svar: Þetta verður að vera samkomulag milli aðila.*

2.9 Fram kemur í kafla 1.3. að verktaki greiði fyrir rafmagn til verkkaupa skv. mæli.

- Er þá gert ráð fyrir að verktaki greiði einnig fyrir rafmagn vegna notkunar frístundaheimila í eldhúsi ?
- Er mögulegt að fá dæmi um rafmagnskostnað á fyrri tímabilum ?

*Svar: Verktaki gerir breytingar á þessu ákvæði og mun leggja til rafmagn.*

2.10 Fram kemur í kafla 1.3. að verkkaupi hafi aðgang að eldhúsi til síðdegishressinga og/eða annarrar starfsemi.

- Greiðir verktaki sérstaklega fyrir sápu í þvottavél eða annars vegna þessarar notkunar?

*Svar: Það er ekki sanngjarnt að verkkaupi noti sér efni verktaka og því þarf að semja um þessi mál á hverri stofnun fyrir sig.*

2.11 Í kafla 1.3.1. segir :„Skólárið 2022-23 verður bráðabirgða eldhús við skólann í færanlegum einingum“

- Fari svo að framreiðslueldhúsið verði ekki tilbúið haustið 2023, mun þá þurfa að endurskoða þjónustusamninginn með hliðsjón af því ?

*Svar: Já.*

2.12 Í kafla 1.4 segir: „Í öllum mötuneytum er boðið upp á heita máltíð á hverjum degi.“

- Er heimilt að bjóða upp á skyr og meðlæti sem hádegismáltíð ?

*Svar: Nei, skyr og meðlæti telst ekki sem hádegismáltíð en það má bjóða það sem valkost.*

2.13 Í kafla 1.4 kemur fram að hádegisverðatími í grunnskólum sé frá kl.11:00-13:00.

- Er þá gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið við að borða kl. 13 eða að matartími nemenda geti, í seinasta lagi, byrjað kl. 13:00?

*Svar: Alla jafna er gert ráð fyrir að nemendur hafi lokið við að borða kl 13:00, en undantekning er þegar fjöldi nemenda er það mikill að ekki náist að klára hádegismat kl 13:00.*

2.14 Geta skólastjórnendur grunnskóla ákveðið að fylgja matseðli sem ætlaður er fyrir leikskólabörn og að sama skapi geta leikskólastjórar ákveðið að fylgja matseðli sem ætlaður er grunnskólabörnum m.v. útgefinn matseðil af hálfu verktaka ?

*Svar: Nei, sérmáltíð fyrir leikskóla og sér fyrir grunnskóla.*

2.15 Fram kemur í kafla 1.12 eftirfarandi: „Nestispakkar vegna vettvangsferða sem fara fram yfir venjulega hádegisverðartíma innhalda smurt trefjaríkt brauð með hollu áleggi, léttmjólk og ávöxt. Miðað skal við tvær samlokur á nemanda. Kostur er að geta brugðist skjótt við óskum um nesti þar sem vettvangsferðir er oft háðar veðri.“

- Er gerð krafa um að boðið sé upp á léttmjólk með nestinu?

*Svar: Ekki er gerð krafa um léttmjólk með nestinu.*

- Kemur til greina að bjóða upp á safa eða annað?

*Svar: Mælt er með að nota léttsykraða safa.*

- Fari svo að ein samloka og meðlæti uppfylli orkuþörf nemenda, skv. opinberum ráðleggingum, er þá samt sem áður krafa um tvær samlokur sem nesti, sem þá væri umfram orkuþörf ?

*Svar: Ekki er gerð krafa um tvær samlokur ef ein telst nóg en mikilvægt að taka tillit til orkuþarfar og þá sérstaklega eldri nemenda.*

2.16 Í kafla 1.16 segir :„Verktaki þarf að framvísa sakavottorði fyrir alla starfsmenn sem starfa í mötuneytum skóla sbr. 36. grein í lögum um vernd barna og unglunga nr. 80/2002 og 11. grein í lögum um grunnskóla nr. 91/2008 með síðari tíma breytingum.“

- Er gerð krafa að verktaki skili inn sakavottorði fyrir alla þá starfsmenn sem starfa í mötuneytum sínum eða er nóg að fyrirtækið óski eftir þeim upplýsingum við ráðningu og haldi þeim upplýsingum til haga og framvísi þeim ef óskað er eftir því ?

*Svar: Skila skal inn sakavottorði allra starfsmanna til viðkomandi skólastjórnenda.*

2.17 Komi upp sú staða að mötuneyti skóla verði lokað, með stuttum fyrirvara, t.d. vegna veðurs, náttúruhamfara eða verkfalla, á degi þar sem áður hafði verið gert ráð fyrir opnu mötuneyti, og verktaki hafi innheimt gjald fyrir þjónustu sem veita átti þann dag, mun verktaki þurfa að endurgreiða sveitarfélagi og/eða skráðum notendum þjónustu fyrir það sem ekki var veitt, eða er gert ráð fyrir því að verkkaupi taki þátt í kostnaði og endurgreiðslu ?

*Svar: Í þessum séstöku aðstæðum mun verkkaupi koma inn og greiða þennan kostnað.*

2.18 Getur verkkaupi farið fram á annan matseðil en verktaki býður upp á t.d. vegna samkomutakmarkanna eða annara óvæntra aðstæðna? Ef svo er hver ber hugsanlegan umframkostnað sem af því hlýst?

*Svar: Já, verkkaupi getur það enda mun hann bera mismunarkostnað sem að því hlýst.*

2.19 Er gerð krafa um lágmarksfjölda skólaliða eða starfsfólks í matsal, á vegum verkkaupa, til að taka á agamálum eða öðru sem ekki viðkemur matarmálum? Er gerð verklýsing yfir þau verkefni sem starfsfólk skólanna ber ábyrgð á í matsal? Getur verktaki fengið aðgang að þessum verklýsingum ef þær eru gerðar ?

*Svar: Skólinn sér um gæslu og tekur á agamálum. Skólastjórnendur munu afhenta verklýsingar starfsmanna skólanna. Verkkaupi mun einnig óska eftir verklýsingum starfsmanna verktaka.*

2.20 Geta leikskólastjórar farið fram á umfram leirtau eða sérstakan búnað í leikskólum án þess að greiða verktaka sérstaklega fyrir það?

*Svar: Nei, enda sé sá búnaður sem fyrir er fullnægjandi.*

2.21 Er gert ráð fyrir að allir nemendur í Flataskóla borði í sama matsalnum?

*Svar: Nei, 1. bekkur borðar í matsal á leikskólasvæði á 2.hæð og 2-7 bekkur borðar í matsal skólans.*

2.23 Er gert ráð fyrir að leikskólabörn sem staðsett eru í Flataskóla fái afgreiddan mat í Flataskóla? Hvernig er fyrirkomulag á matarmálum háttað þar?

*Svar: Já, 1. bekkur borðar í matsal á leikskólasvæði á 2.hæð*

2.24 Í kafla 1.14 er talað um að niðurgreiðsla sé ákveðin á hverju ári. o Getur það tekið breytingum í hvaða formi sú niðurgreiðsla er, sem dæmi að bjóða upp á systkynaafslátt eins og í sumum sveitarfélögum?

*Svar: Já, þetta getur tekið breytingum og er slík ákvörðun bæjarstjórnar*